



Akstursíþróttasamband Íslands

Fundargerð

Staður og tími: Zoom - fjarfundur - 16. ágúst 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Baldvin Hansson (BH).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA)

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Fundargerð frá 3. ágúst

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. RIG- Beiðni um þátttöku í sjónvarpsútsendingu á Stöð 2

ÍsÍ hefur leitað eftir afstöðu sambandsins til að hermiakstur á RIG verði í beinni útsendingu og sambandið greiði gjald fyrir. Ákveðið að beina erindinu til þeirra aðildarfélaga sem eru með hermiakstur á sinni dagskrá.

3. FIA ECORally 2023

Verið er að vinna að umsókn um að halda eina umferð í FIA ECORally 2023 hér á landi. Verður hún tekin fyrir í stjórn ef hún berst.

4. Motorsport Games

Frestað

5. Fundir hjá FIA í haust

Boðað hefur verið til funda í Frakklandi fyrir formenn og framkvæmdastjóra aðildarfélaga seinnipartinn í október. Ákveðið að fá upp kostnaðartölur og leggja fyrir stjórn til staðfestingar eða höfnunar.

6. Beiðni um að leyfa unglिंगum að keppa í bikarmóti

Erindi hefur borist frá Kvartmíluklúbbnum:

Kvartmíluklúbburinn óskar eftir heimild fyrir unglिंगa að taka þátt í bikarmóti í spyrnu 20. ágúst 2022 (áttungsmíla). Takmarkanir miðist við sömu aldurs- og tímamörk og gilda á Íslandsmóti í spyrnu

þ.e. 15 ára á árinu og 8,10 sek í áttungsmílu.

Ingimundur Helgason

Samþykkt.

7. Fjölmiðlamál

Frestað.



8. Önnur mál

Erindi frá formanni AÍH - Linda D Jóhannsdóttir sendi sambandinu erindi 8. ágúst, sem formaður AÍH, þar sem hún lýsir yfir furðu á ýmsu tengdu rallycross keppni á Akureyri, sem haldin var 6. ágúst. Er í bréfinu m.a. spurt hver hafi gefið út leyfi fyrir brautinni sem keppt var á.

Samþykkt að BÞB svari erindinu með upplýsingum um að úttektir og leyfi fyrir brautir og keppnissvæði séu í endurskoðun.

Rekstur og staða sambandsins - BÞB fór yfir helstu tölur, reksturinn virðist vera í góðu jafnvægi og talsvert til af lausafé sem æskilegt væri að koma í sem besta ávöxtun.

Skil á skýrslum frá keppnisstjórum, öryggis fulltrúum og dómnefndum - Mjög fáar skýrslur hafa borist og hefur verið ýtt við aðilum oftár en einu sinni á síðustu vikum. Ákveðið að setja skilafresti inn í Reglugerð um keppnishaldi fyrir næsta tímabil og e.t.v. hafa einhverskonar sektir ef ekki er skilað.

Næsti fundur aukafundur 23. ágúst kl. 18.00 á Zoom.

Fundi slitið kl. 19.23